



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 24. júlí 2019
Tilv.: FOR19020026/11.8

Efni: Rökstuðningur vegna skipunar í embætti seðlabankastjóra

I.

Málsmeðferð

Embætti seðlabankastjóra var auglýst laust til umsóknar hinn 20. febrúar sl. Umsóknir bárust frá 16 umsækjendum og drógu þrír umsækjendur umsókn sína síðar til baka. Alls voru umsækjendur því 13 talsins, þar af ellefu karlar og tvær konur.

Í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, skipaði forsætisráðherra nefnd 7. maí 2019 til að meta hæfni umsækjenda um embættið. Nefndina skipuðu Sigríður Benediktsdóttir, hagfræðingur við Yale-háskóla, formaður, og nefndarmennirnir Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, og Þórunn Guðmundsdóttir, hæstaréttarlögmaður og varaformaður bankaráðs Seðlabanka Íslands. Í skipunarbréfi nefndarinnar var mælt fyrir um að umsækjendur skyldu flokkaðir í fjóra flokka eftir hæfni samkvæmt mati nefndarinnar: 1. mjög vel hæfur, 2. vel hæfur, 3. hæfur, 4. ekki hæfur.

Þegar gengið hafði verið frá skipun hæfnisnefndar var umsækjendum um embætti seðlabankastjóra gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um hæfi nefndarmanna skv. 3. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, ef einhverjar væru. Bárust tvö erindi um hæfi nefndarmanna sem vörðuðu m.a. setu nefndarformanns í bankaráði Landsbankans, faglegan ágreining tiltekinn nefndarmanna og umsækjenda og setu tveggja nefndarmanna í hæfnisnefnd vorið 2018. Var það afstaða forsætisráðuneytisins að framkomnar athugasemdir og þau efnisatriði sem þar hefðu komið fram leiddu ekki til vanhæfis nefndarmanna í hæfnisnefnd. Erindi þess efnis var sent umsækjendum um embættið með bréfi, dags. 23. maí 2019.

Hæfnisnefndin ákvað að bjóða þeim umsækjendum sem uppfylltu starfsgengisskilyrði 1. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, í viðtöl og fóru þau fram dagana 27. – 29. maí sl. Nefndin ákvað jafnframt að boða þá umsækjendur sem hún taldi búa yfir hvað heildstæðastri þekkingu á sérhverju sviði lögbundins hlutverks Seðlabankans í annað viðtal og fóru þau fram dagana 4. og 7. júní sl. Hæfnisnefndin skilaði forsætisráðherra drögum að umsögn sinni með

bréfi 11. júní sl. Með tölvubréfi 13. júní sl. gaf forsætisráðherra hlutaðeigandi umsækjendum kost á að gera athugasemdir við drög nefndarinnar og skiluðu átta umsækjendur athugasemdum. Umsögn nefndarinnar, að teknu tilliti til athugasemda umsækjenda, barst ráðherra 25. júní sl.

Með bréfi til nefndarinnar 1. júlí sl. óskaði forsætisráðherra eftir afstöðu nefndarinnar til þess hvort væntanlegar breytingar á starfssviði Seðlabanka Íslands frá og með 1. janúar 2020 samkvæmt nýjum lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019, sem samþykkt voru á Alþingi 20. júní 2019, hefðu þýðingu fyrir mat nefndarinnar á hæfni umsækjenda. Í svarbréfi nefndarinnar, sem barst ráðherra hinn 4. júlí sl., kom fram að samkvæmt beiðni forsætisráðherra hefði nefndin lagt mat á hæfni umsækjenda með hliðsjón af væntanlegum breytingum á starfsumhverfi seðlabankastjóra innan þess matsramma sem þegar lá fyrir og þá hvort þær leiddu til endurskoðunar á fyrra mati nefndarinnar. Var það niðurstaða nefndarinnar að þær leiddu hvorki til breyttrar heildarniðurstöðu á endanlegu mati hæfnisnefndar né mati á hæfni einstakra umsækjenda.

Að loknu heildarmati á umsóknargögnum og á mati hæfnisnefndar var það ákvörðun forsætisráðherra að boða níu umsækjendur í viðtöl, þ.e. alla umsækjendur sem hæfnisnefndin mat vel hæfa eða mjög vel hæfa og fóru viðtöl ráðherra fram dagana 9. – 11. júlí sl. Viðtalsspurningum ráðherra var skipt í eftirfarandi fjóra kafla: a) reynsla og þekking, b) breytingar á Seðlabanka Íslands, c) verkefni Seðlabanka Íslands og stjórnþæki og d) staða efnahagsmála og samspil við stjórnvöld og aðila vinnumarkaðarins. Sömu spurningar voru lagðar fyrir alla umsækjendur. Að viðtölunum loknum óskaði forsætisráðherra eftir umsögnum frá umsagnaraðilum um þá fjóra umsækjendur sem ráðherra taldi hæfasta. Var þar um að ræða sömu umsækjendur og hæfnisnefndin hafði metið mjög vel hæfa í umsögn sinni. Eftir að hafa kynnt sér umsagnir umsagnaraðila tók forsætisráðherra ákvörðun 24. júlí 2019 um að skipa Ásgeir Jónsson í embætti seðlabankastjóra til fimm ára frá 20. ágúst 2019.

II.

Lagagrundvöllur

Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, sbr. d-lið 2. tölul. forsetaúrskurðar nr. 119/2018, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, skipar forsætisráðherra seðlabankastjóra til fimm ára. Um ákvörðun ráðherra á þessum grundvelli gildir sú óskráða meginregla að skipa ber hæfasta umsækjandann um embættið sem uppfyllir þau almennu og sérstöku starfsgengisskilyrði sem kveðið er á um í lögum. Þegar veitingarvaldshafi stendur frammi fyrir því að velja á milli umsækjenda sem allir uppfylla mjög vel þær hlutlægu hæfniskröfur sem gerðar eru til hlutaðeigandi embættis, án þess að unnt sé að gera skýran greinarmun á umsækjendum á grundvelli þeirra, reynir enn frekar á mat veitingarvaldshafa á því hvernig þeir persónubundnu eiginleikar umsækjenda sem málefnalegt er að líta til við veitingu hlutaðeigandi embættis muni nýtast við rækslu þess.

Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga nr. 36/2001 skal seðlabankastjóri hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 36/2001 er markmið Seðlabanka Íslands að stuðla að stöðugu verðlagi. Í 2. mgr. er tekið fram að Seðlabankinn skuli stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu samkvæmt 1. mgr. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. skal bankinn stuðla að

fjármálastöðugleika. Í 2. mgr. er tekið fram að bankinn skuli sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þar með talið greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, setur ráðherra sérhverjum forstöðumanni stofnunar erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í rekstri stofnunar og verkefni hennar, bæði til lengri og skemmri tíma litið. Samkvæmt 2. mgr. ber forstöðumaður stofnunar ábyrgð á að stofnun sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf samkvæmt 1. mgr. Forstöðumaður ber og ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga nr. 36/2001 ber seðlabankastjóri ábyrgð á rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru falin öðrum með lögunum.

Í samræmi við framangreindan lagagrundvöll var tekið fram í auglýsingu um veitingu embættisins að umsækjendur skyldu hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir viðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Auk þess var gerð krafa um stjórnunarhæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum.

III.

Mat hæfnisnefndar

Hæfnisnefnd sem skipuð var samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, mat fjóra umsækjendur, þá Arnór Sighvatsson, Asgeir Jónsson, Gylfa Magnússon og Jón Daníelsson, mjög vel hæfa til að gegna embættinu. Var niðurstaða nefndarinnar reist á heildstæðu mati á verðleikum umsækjenda án þess að gera upp á milli þeirra.

Í umsögn hæfnisnefndar kemur fram að nefndin hafi lagt fyrir umsækjendur spurningar um þekkingu viðmælenda á lögbundnum verkefnum og skyldum Seðlabankans og þekkingu þeirra og reynslu þar að lútandi. Sérstök áhersla hafi verið lögð á meginmarkmið Seðlabankans að stuðla að stöðugu verðlagi. Nefndin taldi einnig mikilvægt að allir umsækjendur sýndu þekkingu á öðrum meginverkefnum Seðlabankans, eins og t.d. að stuðla að fjármála-stöðugleika, varðveislu gjaldeyrisvaraforða, að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi o.s.frv. Í umsögninni kemur fram að nefndin hafi horft til þekkingar og reynslu af fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum og hafi metið það jákvætt ef umsækjendur höfðu yfirgripsmikla þekkingu á sérhverju sviði í samræmi við lögbundið hlutverk Seðlabankans. Þá hafi nefndin metið það neikvætt ef umsækjanda skorti þekkingu á einhverju þeirra sviða sem falla undir lögbundið hlutverk Seðlabankans.

Nefndin mat umsækjendur á grundvelli fimm hæfnisþátta, þ.e. menntunar, starfsreynslu, reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum, stjórnunarhæfileikum og hæfni í mannlegum samskiptum. Verða þeir raktir hér á eftir.

Nefndin taldi tólf umsækjendur uppfylla lágmarks menntunarskilyrði laga til að gegna embætti seðlabankastjóra. Mat nefndin þá fjóra umsækjendur sem hafa grunn- eða meistaranám í hagfræði eða skyldum greinum hæfa. Þá tvo umsækjendur sem hafa doktorspróf í skyldum greinum en án sérstakrar áherslu á lögbundið verkvið Seðlabankans mat nefndin vel hæfa. Þá

mat nefndin þá sex umsækjendur sem hafa doktorspróf í hagfræði með tengingu við lögbundið verksvið Seðlabankans mjög vel hæfa með tilliti til þessa hæfnisþáttar.

Nefndin lagði mat á það hvernig viðtæk reynsla og þekking umsækjenda á þáttum sem varða lögbundið verksvið Seðlabankans endurspegladist í starfsferli þeirra. Taldi nefndin alla umsækjendur uppfylla þetta lagaskilyrði. Með hliðsjón af framangreindu taldi nefndin þrjá umsækjendur hæfa, fimm umsækjendur vel hæfa og fjóra mjög vel hæfa með tilliti til þessa hæfnisþáttar.

Nefndin lagði mat á reynslu og þekkingu umsækjenda á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Í umsögn nefndarinnar kemur fram að eftir að lágmarksskilyrði laga um Seðlabanka Íslands um reynslu og þekkingu hafi verið uppfyllt sé það hlutverk nefndarinnar að gera samanburðarmat á hæfni umsækjenda í þessum flokki. Umsækjendur voru auk þess metnir út frá rannsóknum og skýrsluskrifum á efni tengdu lögbundnum verkefnum Seðlabankans og upplýsingum úr umsóknum og svörum þeirra í viðtölum þar að lútandi. Í umsögn nefndarinnar kemur enn fremur fram að áhersla hafi verið lögð á að þekking og reynsla hafi verið viðtæk hvað sérhver lögbundin verkefni Seðlabankans varðaði. Á grundvelli ofangreinds var það mat nefndarinnar að þrír umsækjendur væru hæfir, fimm umsækjendur væru vel hæfir og loks að fjórir umsækjendur væru mjög vel hæfir með tilliti til þessa hæfnisþáttar.

Við mat hæfnisnefndarinnar á stjórnunarhæfileikum horfði nefndin til umsóknargagna um störf og verkefni umsækjenda sem flokka mætti til stjórnunarstarfa. Þá var tekið tillit til þess sem fram kom í viðtölum við umsækjendur. Mat á hæfileikum byggði á reynslu umsækjenda af stjórnun, reynslu í að samþætta mismunandi sjónarmið sérfræðinga og umfang þeirra manna-forráða sem umsækjendur hefðu haft. Með hliðsjón af því mat nefndin tvo umsækjendur hæfa, sex umsækjendur vel hæfa og fjóra umsækjendur mjög vel hæfa með tilliti til þessa hæfnisþáttar.

Að lokum taldi nefndin ekki unnt að gera upp á milli umsækjenda varðandi hæfni í mannlegum samskiptum.

Eins og áður greinir fór forsætisráðherra þess á leit við nefndina að hún legði mat á það hvort væntanlegar breytingar á starfssviði Seðlabanka Íslands hefðu þýðingu fyrir mat nefndarinnar á hæfni umsækjenda. Varð nefndin við beiðni ráðherra en taldi umræddar breytingar hvorki leiða til breyttrar heildarniðurstöðu á mati nefndarinnar né mati á hæfni einstakra umsækjenda.

IV.

Mat forsætisráðherra

Að fenginni umsögn hæfnisnefndar hinn 25. júní sl. tók forsætisráðherra og starfsfólk ráðuneytisins niðurstöður hæfnisnefndar til skoðunar auk þess að framkvæma eigin rannsókn á umsóknargögnum umsækjenda. Við mat á hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra taldi ráðherra meðal annars reynslu og þekkingu tveggja umsækjenda á fjármagnsmarkaði leiða til herra mats í flokknum „starfsreynsla“ auk þess sem ráðherra taldi menntun tveggja umsækjenda með doktorspróf í tengdum greinum við hagfræði einnig leiða til herra mats í flokknum „menntun“. Þær áherslubreytingar ráðherra sem einkum vörðuðu menntun- og starfsreynslu einstakra umsækjenda leiddu þó ekki til breytinga á heildarmati á hæfni umsækjenda. Að loknu heildarmati á fyrirliggjandi gögnum var það niðurstaða ráðherra að fjórir einstaklingar væru

mjög vel hæfir út frá þeim matsþáttum sem legið höfðu til grundvallar, þeir Arnór Sighvatsson, Ásgeir Jónsson, Gylfi Magnússon og Jón Danielsson.

Forsætisráðherra boðaði þessa fjóra umsækjendur, auk þeirra fimm umsækjenda sem metnir höfðu verið vel hæfir, til viðtala. Var það mat ráðherra að munurinn á mjög vel hæfum og vel hæfum umsækjendum samkvæmt mati nefndarinnar væri ekki slíkur að útilokað væri að frekari rannsókn með viðtölum gæti leitt til breytinga á því mati. Í viðtölunum voru lagðar fyrir umsækjendur spurningar í fjórum köflum: um reynslu þeirra og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum, breytingar á Seðlabanka Íslands, verkefni Seðlabanka Íslands og stjórnþætti og loks stöðu efnahagsmála og samspil við stjórnvöld og aðila vinnumarkaðarins. Samtals voru lagðar 13 spurningar fyrir umsækjendur í 27 liðum. Í viðtölum við umsækjendur lagði ráðherra, auk þekkingar þeirra á framangreindum atriðum, jafnframt mat á persónubundna þætti umsækjenda, þar með talið stjórnunarhæfileika þeirra og hæfni í mannlegum samskiptum. Tveir umsækjendur stóðu sig best í viðtölum, þeir Ásgeir Jónsson og Gylfi Magnússon.

Það var mat ráðherra, að loknum viðtölum við umsækjendur og á grundvelli heildarmats á umsóknargögnum þeirra, að framangreindir fjórir umsækjendur, sem hæfnisnefndin hafði metið mjög vel hæfa, stæðu öðrum umsækjendum frammar. Þessir umsækjendur hafa allir lokið doktorsprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa að mati ráðherra yfir framúrskarandi reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Óskaði ráðherra í kjölfarið eftir upplýsingum frá þessum fjórum umsækjendum um umsagnaraðila sem gætu veitt nánari upplýsingar um faglega hæfni umsækjenda, styrkleika þeirra, stjórnunareiginleika og samskiptahæfni. Ráðuneytið hafði í kjölfarið samband við umsagnaraðila um hvern hinna fjögurra umsækjenda. Umsækjendur fengu allir jákvæðar umsagnir en tveir umsækjendur fengu að jafnaði bestar umsagnir, þeir Ásgeir Jónsson og Gylfi Magnússon.

Að virtri frammistöðu umsækjenda í ítarlegum viðtölum við ráðherra og þeim upplýsingum um þekkingu og stjórnunarhæfni umsækjenda sem fram komu í umsögnum umsagnaraðila var það mat ráðherra að sérþekking Ásgeirs Jónssonar á peningastefnu myndi nýtast mjög vel í embætti seðlabankastjóra. Í því sambandi leit ráðherra meðal annars til efnis doktorsritgerðar Ásgeirs á þessu sviði, rannsókna hans og kennslu á sviðinu, ritun fræðiritra og reynslu hans af ráðgjöf við stjórnvöld um umgjörð peningastefnu. Þá var það jafnframt mat ráðherra að stjórnunarhæfni Ásgeirs myndi nýtast betur en samsvarandi hæfni annarra umsækjenda í embætti seðlabankastjóra. Í því sambandi leit ráðherra meðal annars til þess sem fram kom í umsögnum um Ásgeir og frammistöðu hans í viðtali.

V.

Upplýsingar um Ásgeir Jónsson

sem skipaður hefur verið í embætti seðlabankastjóra

Ásgeir Jónsson lauk doktorsprófi í hagfræði frá Indiana University í Bandaríkjunum árið 2001 með alþjóðafjármál, peningamálahagfræði og hagsögu sem aðalsvið. Doktorsritgerð Ásgeirs var um sveiflujöfnun yfir skamman tíma í litlu, opnu hagkerfi.

Ásgeir hefur starfað við hagfræðideild Háskóla Íslands frá 2004, fyrst sem lektor og síðan dósent. Hann hefur verið deildarforseti við hagfræðideild frá 2015. Samhliða störfum sínum við Háskóla Íslands hefur hann meðal annars verið efnahagsráðgjafi Virðingar og Gamma.

Ásgeir hefur gegnt öðrum ábyrgðarstörfum, meðal annars sem formaður starfshóps um endurskoðun peningastefnu og verið forstöðumaður í greiningardeild og aðalhogfræðingur Kaupþings og síðar Arion banka á árunum 2004–2011. Á árunum 2000–2004 var Ásgeir sérfræðingur hjá Hagfræðistofnun og samhliða því stundakennari við Háskóla Íslands.

Í viðtali við Ásgeir sýndi hann afburða þekkingu á verkefnum og stjórnækjum Seðlabankans.

Í umsögnum um Ásgeir kom m.a. fram að hann væri skarpgreindur, víðsýnn, afkastamikill, ritfær, frjór í hugsun, mannasættir og góður í mannlegum samskiptum. Að mati umsagnaraðila hefur Ásgeir reynst farsæll sem stjórnandi, verið vel liðinn, með skýra sýn, sanngjarn en fylginn sér, úrræðagóður og fljótur að setja sig inn í hluti. Hann njóti virðingar og hafi lyft þeim einingum sem hann hefur stýrt upp á hærra stig.